



## Undirbúningur varðandi gjöf Grímsnes- og Grafningshrepps til Kvenfélags Grímsneshrepps vegna 100 ára afmælis félagsins 2019

### Umsjón: Maja

Ákveðið var að hafa samband við Svansverk slf. og biðja þá um að teikna upp skáp og gera tilboð í smíði hans. Um er að ræða læstan verðmæta- og sýningarskáp, þar sem hægt verður að geyma ýmsar eigur Kvenfélags Grímsneshrepps. Meðal muna er kyrtill, þjóðbúningasilfur, silfurbarmerki ásamt ýmsum munum sem stilla má upp í fremri hluta skáps.

**Hugmynd að skáp:** Tvískiptur skápur (sjá. teikningu), smíðaður úr vönduðu efni sem eldist vel og þolir smá hnask. Læst glerhurð að framan verðu. Hjarir á annarri hlið skáps (á milli hólfa) og læsing á hinni, hvort heldur sem er að utan verðu eða að glerhurð sé opnuð og aftari hluti aflæstur innan frá. Læsingar þurfa að vera góðar, þar sem um dýra hluti er um að ræða, sérstaklega kyrtill og silfur. Æskilegt er að tvö lykasett fylgi með. Fætur undir aftari hluta en hjól undir fremri, til stuðnings þegar skápur er opnaður.

Veggfestingar þurfa að vera á skáp vegna fallhættu (jarðskjálftasvæði).

➤ Mál skáps:

- Hæð: 200 cm
- Breidd: 80 cm
- Dýpt: 55-60 cm

❖ Í **aftara hólfi** er gert ráð fyrir að hengja kyrtlinn upp og geyma silfur. Skápurinn þarf að vera nokkuð ljósþéttur þar sem dagsbirta fer ekki vel með lit og textíl, þó þarf loftun að vera til staðar.

❖ **Fremri hlutinn** er með hæðarstillanlegar glerhillur og bakhlið sem hylur þann aftari (þegar skáphlutarnir eru lokaðir, þar af leiðandi þarf ekki hurð á aftari hlutann).

